

# THE Lion

Blað nr. 239

ÍSLENSK ÚTGÁFA  
www.lions.is



**We Serve**

Febrúar / mars 2007



*Lionshreyfingin 90 ára*



Febrúar / mars 2007 Blað nr. 239  
THE LION IN ICELANDIC  
Fjölumdami 109  
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.



Útgefandi THE LION á íslensku:  
FJÖLUMDÆMI 109  
Tímariðið the Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionsskrifstofan, Sóltúni 20,  
105 Reykjavík er opin frá kl. 10.00 til 15.00  
Sími: 561 3122  
Fax: 561 5122  
e-mail / netfang: lions@lions.is  
Heimasíða Lions: lions.is  
Skrifstofustjóri: Sigríður Þorvaldsdóttir Kvaran

FJÖLUMDÆMISRÁÐ  
FJÖLUMDÆMIS 109  
Starfsárið 2006 – 2007

Fjölumdamisstjóri:  
Guðmundur Rafnar Valtýsson,  
Lkl. Laugardals  
Umdæmisstjóri 109A:  
Björgúlfur Þorsteinsson,  
Lkl. Hafnarfjarðar  
Umdæmisstjóri 109B:  
Jón Gröndal, Lkl. Nirði  
Fjölumdamisgjaldkeri:  
Halldór Kristjánsson,  
Lkl. Ásbirni  
Fjölumdamisritari:  
Órn Gunnarsson,  
Lkl. Ásbirni

Alþjóðasamskipastjóri fv.  
alþjóðastjórnarmaður:  
Jón Bjarni Þorsteinsson  
Lkl. Mosfellsbæjar  
Fræðslustjóri:  
Hrund Hjaltadóttir, Lkl. Fold  
Félaganefndar-/félagastjóri:  
Daníel G Björnsson, Lkl. Munin  
Útbreiðslustjóri:  
Pálmi Hannesson, Lkl. Garði  
Kynningarstjóri:  
Ólafur Arni Halldórsson,  
Lkl. Hafnarfjarðar  
Unglingaskiptastjóri:  
Kristjana E Guðlaugsdóttir,  
Lkl. Æsu  
LCIF stjóri / Ff.fjölumdamisstjóri:  
Geir Hauksson,  
Lkl. Hafnarfjarðar  
Lions Quest stjóri:  
Þórunn Gestsdóttir, Lkl. Eir  
Medic Alert stjóri:  
Magnús B Einarsson  
Lkl Mosfellsbæjar  
Menningarstjóri:  
Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Emblu  
Sjónverndar og heilbrigðisstjóri:  
Björn Guðmundsson, Lkl. Víðarri  
Umhverfisstjóri:  
Sigrún Steinsdóttir, Lkl. Eir  
Minja og skjalavörður:  
Magnús Steingrímsson  
NSR AU nefndarmaður:

Þór Steinarsson, Lkl. Fjörgyn  
Prótokolls og þingstjóri:  
Hörður Sigurjónsson, Lkl. Nirði  
Verkefnastjórnastjóri:  
Guðmundur Finnbogason,  
Lkl. Skagastrandar  
Fv.alþjóðastjórnarmaður:  
Björn Guðmundsson,  
Lkl. Kópavogs  
Verkefnastjóri „SightFirst II:  
Kristinn Hannersson,  
Lkl. Mosfellsbæjar  
Varaumdamisstjóri 109A:  
Halldór Ingvason,  
Lkl. Grindavíkur  
Varaumdamisstjóri 109B:  
Áslaug Þórarinsdóttir  
Lkl. Búðardals

**Framkvæmdastjórn Lions-  
hreyfingarinnar 2006 – 2007:**  
International President  
Jimmy Ross  
Immediate Past President  
Ashok Mehta  
First Vice President Mahendra  
Jayanthipal Chandima Amarasuriya  
Second Vice President  
Albert F Brandel

Umbrot og prentun: Litlaprent  
Forsíðumynd: Halldór  
Kristjánsson, við Öskjuvatn.



## 2007 Hátíðarár

Höldum hátíð hátt á loft. Í heimi Lionshreyfingarinnar er árið 2007 árið þar sem afstaða plánetnanna er hárrétt. Þetta ár markar 90 ára afmæli Lionshreyfingarinnar. 50 ára afmæli Leóklúbbanna og 20 ára afmæli kvenna sem fullgildra félaga í hreyfingunni.

Einnig eru liðin 20 ár frá því að friðarveggspjaldakeppninni var komið á. Haldið verður uppá afmælin með pomp og prakt og Lionsfólk er hvatt til að taka þátt þar sem það á kost á. Tímamótanna verður

minnst í málögnum hreyfingarinnar og á alþjóðþinginu í Chicago sem verður helgað þessum tímamótum. Þar verða til sölu margvíslegir hlutir til minningar og boðið upp á tertu sem á fáa sína líka. Af vef samtakanna [www.lionsclubs.org](http://www.lionsclubs.org) verður hægt að hlaða niður margskonar skrautlegu P.R. efni.

Við höfum nóg til að gleðjast yfir. Heiðrum glæstan 90 ára feril og horfum sókn djörf til framtíðarinnar. Breytum bjartsýn því sem breyta þarf og kætumst meðan kostur er kátra sveina og meylla flokkur. Gleðilegt Lionsár!

## Frá ritstjóra

Nokkrar umræður hafa verið um dreifingu blaðsins. Blaðið var í fyrra gert upp með tæplega 2 milljóna króna halla. Þetta gengur ekki. Dreifing með þessum hætti sparar ca. 100.000 kr. á hverju blaði. Útboð á umbroti og prentun sparar enn meira á hverju blaði. Formenn og klúbbfélagar verða að taka sér tak og sinna dreifingunni. Þessu verður ekki breytt í fyrra horf. A.m.k. á þessu starfsári. Laun ritstjóra hafa verið lækkuð úr 110 þúsund í 30.000 per blað. Sparnaður er lykilorðið. Ég hef reynt að rukka inn efni sem hefur gengið treglega. Fjölumdamisráð skrifar blaðið ekki allt. Ef efni nægir ekki í 16 síður þá verður blaðið 12 síður eins og þetta. Það verður bara að hafa það. Meira efni frá ykkur stærra blað. Næsta blað, mars/apríl blaðið verður helgað því að í ár minnumst við 20 ára afmælis kvenna í Lionshreyfingunni. Ég ætla að fá efni frá öllum kvennaklúbbum á landinu í það blað. Konur geta farið strax að taka sína þætti til því skilafrestur í næsta blað er 25. mars n.k.

Ritstjóri

# Breytinga er þörf eftir 90 ár

Jimmy Ross,  
alþjóðaforseti



Á 90. afmælisdegi ástvinar eða ættingja segjum við gjarnan að hann hafi lifað innihaldsríka og góða ævi. Í ár höldum við upp á 90 ára afmæli hennar sem er okkur svo kær nefnilega Lionshreyfingarinnar. Þeirrar sem Melvin Jones stofnaði árið 1917 í Chicago.

Saga okkar er mörkuð stórvirkjum í liðveislu og þjónustu við fólk um allan heim. En bestu þættir sögu okkar eru enn óskrifaðir.

Ég hef kynnst í eigin persónu á ferðum mínum um heiminn lífspróttinum, hinni strókostlegu orku sem býr í Lionsfólki. Hvort heldur er í stórborg eða smá þorpi þá er Lionsfólk á ferð. Önnur kafið við að aðstoða unga og aldna, sinnir sjónprófum, dreifir gleraugum, leggur lið eftir náttúruhamfarir og þjálfar fatlaða og svo mætti lengi telja.

Víst leggjum við lið og munum gera næstu kynslóðir. En við munum þurfa að þreyja þolraunir og mæta erfiðleikum að ekki sé talað um að mæta ógnunum.

Við getum ekki haldið sjó og gert það sem við höfum alltaf gert á sama hátt og venjulega. Við þurfum nýsköpun, innblástur og útsjónarsemi ekki eftirhermur og endurtekningar. Ekki er víst að það sem gekk upp fyrir áratugum síðan eða jafnvel aðeins áratug virki í dag. Þó það gangi í dag er ekki víst það virki á morgun.

Við þurfum að vera opin fyrir nýjungum og vera tilbúin að taka hugarfarsbreytingum ef nauðsynlegt er. Það gæti verið að það sé þörf á endurnýjun klúbbsins, endurskipulagningu starfsins og endurskoðun starfsaðferða.

Ekki gera við ef ekkert er bilað að sjálfsgöðu. Ef klúbburinn blómstrar skuluð þið halda ykkar stefnu. En ef ykkur finnst

að klúbburinn geti lagt betur lið og verið skemmtilegri skuluð þið biðja um orðið á klúbbsfundum og koma boltanum af stað. Það eru örugglega fleiri sammála ykkur í klúbbsnum. Það gæti verið þú sem átt næstu góðu hugmynd um eflingu klúbbsins og þess vegna umdæmisins. Jafnvel alþjóðahreyfingin í heild gæti notið góðs af því að þú réttir upp hönd og baðst um orðið.

Ég er ekki að leggja til róttæka umbreytingu hreyfingarinnar. Við munum alltaf verða riddarar hinna blindu. En það eru litlu hlutirnir sem telja. Hvernig klúbbar ná nýjum félögum, halda fundi, kynna klúbbana og virkja félagana. Klúbbar þurfa með reglulegu millibili að meta starfið. Vera tilbúin til að henda því sem gengur illa og taka við

*frh. á bls. 5*

## Er Lionshreyfingin nógu sýnileg?

### – Hvað er til ráða ef svo er ekki?

Guðmundur Rafnar Valtýsson  
fjölumðæmisstjóri Lkl.  
Laugardals



Að öllu jöfnu fer lítið fyrir Lionshreyfingunni. Flestir klúbbar eru þó að gera mjög góða hluti á sínum heimasvæðum og sumir styrkja sérstök málefni á lands vísu. Það er ekkert nema gott um það

að segja en þetta vekur ekki mikla athygli á hreyfingunni sem slíkri. Hvað er þá til ráða ef við viljum breyta þessu? Við gætum t.d. eftir Verkefnasjóð Lionsfjölumðæmis 109 svo hann væri þess megnugur að láta enn frekar gott af sér leiða og það reglulega hvort sem er hérlendis eða erlendis.

Ekki skal gert lítið úr þeim verkefnum sem unnið hefur verið að eða studd eftir söfnun með sölu á rauðri fjöður og kemur þá fyrst í hugann það verkefni sem nú er í gangi og verður næstu árin vegna síðustu söfnunar. Þar hefur tekist mjög vel til.

Klúbbarnir í landinu safna árlega töluverðum fjármunum til líknar- og menningarmála og

þeir hafa verið duglegir að styrkja Alþjóðahjálparsjóðinn og e.t.v. aldrei sem nú með Sight First II verkefninu og erum við þar framarlega í flokki.

Ef klúbbar létu t.d. 5 til 10% af söfnunarféi sínu til líknarmála renna til Verkefnasjóðs Lionsfjölumðæmis 109 þá gæti hann staðið straum af þeim verkefnum sem hreyfingin stendur að í dag og meira til.

Eftir því sem fleiri klúbbar tækju þátt í þessu þá væri meiri samkennd innan hreyfingarinnar um þessi verkefni. Hver og einn gæti sagt „Við erum líka að vinna að þessu“ þegar þeir eru spurðir um verkefni klúbbsins. Allir klúbbar legðu hlutfallslega jafn mikið eftir fjárhag hvers og

eins og allar beiðnir um framlög í Verkefnasjóð væru væntanlega úr sögunni. Hreyfingin gæti komið að fleiri verkefnum og orðið sýnilegri. Ef klúbbar væru með fjáraflanir í ákveðin verkefni þá yrði sú fjáröflun að vera undanskilin þessu. Sömuleiðis eru margir klúbbar búnir að skuldbinda sig til að taka myndarlega þátt í Sight First II verkefninu og því ekki líklegt að þeir taki þátt í þessu á meðan.

Nú er við því að búast að einhverjir séu þessu mótfallnir svona fyrst í stað og vilji að klúbbarnir ákveði sjálfir í hvað peningarnir fari en með tilliti til þess hvað við erum dugleg að leggja í Alþjóðahjálparsjóðinn þá ætti það ekki að vera fyrirstaða. Þetta mundi einfalda alla

*frh. á bls. 11*



# Leiðtogahlutverkið í Lions

Björgúlfur Þorsteinsson

umdæmisstjóri 109 A



Nú er tímabilið rétt rúmlega hálfnað, þar á ég við það, að við sem erum í leiðtogahlutverkum í hreyfingunni erum bara kosin til 12 mánaða í senn. Við höfum embætti frá 1. júlí til 30. júní árið eftir. Það er ótrúlegt hvað þessi tími líður hratt og sumt af því sem maður ætlaði sér að gera, hefur runnið úr höndum manns vegna þess hvað tíminn líður hratt. Aðalatriði er það, að hreyfingin gengur sinn vanagang og tíminn er ekki útrunninn þrátt fyrir allt.

Hlutverk formanns í Lionsklúbba er það mikilvægasta í hreyfingunni, formaður ræður skipun nefndarformanna og stjórnarmanna klúbbsins. Formaðurinn getur lagt niður Lionsklúbb eða gert hann að stórveldi. Hefur formaðurinn áhuga á Lions? Les hann upp skilaboð frá alþjóða eða umdæmisstjórnnum? Heldur hann klúbbum meðvituðum um Lions og tilgang hreyfingar okkar? Dreifir hann verkefnum á aðra félagana og heldur þeim virkum? Lætur hann nýju félaganum finna að þeir séu velkomnir? Sér hann til þess að nefndir klúbbsins hafi verkefni að vinna að? Góður formaður hefur lítið að gera, vegna þess að hann deilir verkefnum á aðra Lionsfélaga og heldur klúbbum virkum.

## Höldum inni þeim nýju sem ganga til liðs við okkur.

Þegar komið er að þessum tíma í starfi Lionsklúbba, er búið að taka inn nokkra nýja félagana í klúbbinn. Þetta á ekki við alla klúbba en þó ansi marga. Hvernig getum við haldið í þessa nýju félagana? Muna það, að þeir komu inn í klúbbinn til þess að starfa að góðum málefnum. Fyrsta verkið er að setja þessa nýju félagana inn í nefndir þar sem þeir finna sig og geta unnið að verkefnum sem hæfa þeim. Þegar teknar voru saman ástæður þess, að félagar hættu í Lionsklúbba, var mikið talað um það að þá vantaði verkefni við hæfi, fundu ekki tilgang með því að vera Lionsfélagi. Það eru breyttir tímar, hér áður gengu menn og konur í Lions til þess að öðlast upphefð. Alþjóðaförseti okkar Jimmy Ross, sagði frá því, að þegar hann var ungur Lionsmaður og mætti á fund í sínum klúbba, klipptu félagarnir bindið af nýliðunum og settu þá á aftasta bekk. Þetta var hægt um miðja síðustu öld og samt að halda í nýja félagana. Það er skylda okkar sem þegar erum í Lions, að taka vel á móti nýjum félugum og reyna að finna hvar þeirra áhugasvið liggur. Hlustum á hugmyndir þeirra um verkefni og reynum að finna lendingu sem getur hæft klúbbum okkar.

## Heimsóknir í klúbba.

Nú þegar þetta er skrifað, hef ég heimsótt 27 Lionsklúbba í umdæmi 109A og einn til viðbótar frá 109B. Lkl. Hornafjarðar hef ég heimsótt tvisvar og í seinna skiptið ásamt eiginkonu minni. Ef allt er talið, hef ég mætt á yfir 40 fundi í nafni embættis míns og haft gaman af þeim öllum. Þetta starf mitt sem Umdæmisstjóri í umdæmi 109A er án efa það skemmtilegasta sem ég hef tekið að mér sem Lionsfélagi. Ég hvet alla Lions menn og konur, að íhuga vel, að gefa kost á sér til

þessa embættis. Ef þig langar að kynnast Lionshreyfingunni innanfrá, er þetta besta leiðin.

Til viðbótar hafa 6 klúbbar þegar bókað fund með mér sem verða á næstu vikum. Eins og ég hef sagt oft áður, er markmið mitt að heimsækja alla Lionsklúbba í umdæmi 109A. Á heimasíðu Lions, er hægt að sjá dagsskrá mína og formenn Lionsklúbba geta fundið út hvaða dagar eru lausir fyrir mig til heimsóknna.

## Öflugt starf okkar fólks.

Ég hef ákveðið, að gefa kost á mér til kjörs, sem Fjöllumdæmisstjóra í Fjöllumdæmi 109. Ástæða þess er sú, að mig langar að fá að þjóna ykkur öllum, Lionsfólki í báðum umdæmum. Það er afar eftirsóknarvert að fá að leiða Lionshreyfinguna á Íslandi í eitt ár. Hvers vegna? Þessi hreyfing er sú öflugasta í heiminum. Ef borið er saman við þetta venjulega hlutfall hausafjölda, erum við best. Sem dæmi má nefna það að við erum að gera ótrúlega hluti þegar kemur að söfnun okkar í Sigth First 2. Þar stöndum við frammar flestum öðrum þjóðum og skorum langt yfir þessa venjulegu hausatölu.

Það er ástæða fyrir þessum afrekum okkar. Það fólk sem við höfum haft gæfu til þess að fá til liðveislu við okkur á umdæmis og fjöllumdæmis vettvangi, hefur unnið kraftaverk svo tekið er eftir á meðal þjóðanna. Við megum ekki gleyma vinnu þessa fólks, sem hefur borið veg og vanda Lionshreyfingarinnar okkar á alþjóðavettvangi. Kristinn Hannesson sem sér um Sight First 2. verkefnið. Halldór Kristjánsson sem sér um alþjóðasamskipti, 109 A Kristjana Guðlaugsdóttir sem sér um unglingskipti, Hrunn Hjaltdóttir sem sér um fræðslumálin, Jón Bjarni Þorsteinsson, alþjóðasamskiptastjóri og margir aðrir, hafa haldið uppi merki Lions á Íslandi. Nýlega var NSR þing haldið á hóteli Loftleiðum og

allur undirbúningur og umgjörð til sóma. Þar mátti sjá hvað okkar fólk hefur mikla reynslu og vinnur vel fyrir hreyfinguna. Vil ég þakka öllum sem komu að því að gera þetta þing markvist og ánægjulegt fyrir okkur hin. Gaman hefði verið að sjá fleiri íslenska Lionsfélaga mæta s.s. á kynningarkvöldið.

## Lokaorð.

Ekki má gleyma því að hver og einn Lionsklúbbur er lykillinn að hreyfingunni okkar. Án þess að hafa öflugna Lionsklúbba er Umdæmið og Fjöllumdæmið okkar marklaust. Við sem þjónum í þessum Umdæmisstjórnnum og Fjöllumdæmisstjórnnum, erum í raun þjónar Lionsklúbba. Okkar hlutverk er að þjóna Lionsfélaganum og klúbbum með allt það sem þeim liggur á hjarta. Vantar aðstoð við gerð mánaðarskýrslu og eða gera upp árgjöld? Verið óhrædd við það að hafa samband við okkur í Umdæmisstjórninni og fara fram á hjálp. Sendi mínar bestu kveðjur til ykkar allra.

Björgúlfur Þorsteinsson  
Umdæmisstjóri 109A

## Notum Lionsvefinn

Sumir Lionsfélagar hafa ekki aðgang að tölvum og geta því ekki fylgst með fréttum og tilkynningum sem koma inn á Lionsvefinn. Stjórnir klúbba ættu því að skipa einn eða tvo félagana sem aðgang hafa að tölvum í það embætti að fylgjast með vefnum og upplýsa á fundum hvað þar er um að vera. Við hljótum að nota vefinn meira á komandi árum og örugglega ef við vitum að það sem inn á hann fer berist inn á klúbbfundum.

Guðmundur R. Valtýsson

# Fjölskylduklúbbar í forgang

## – Tími í Lionsstarfi jafngildir þá tíma með fjölskyldunni

Jón Gröndal

umdæmisstjóri 109 B



Íerli dagsins í dag eru samverustundir með fjölskyldunni eitt það dýrmætasta sem við eigum. Flest vandamál fjölskyldunnar í dag má að mati sérfræðinga rekja til þess að samverustundir hennar séu of fáar. Það hefur eðlilega lengi þótt eðlilegur fylgifiskur þátttöku í Lionsstarfi að skilja aðra fjölskyldumeðlimi eftir heima. Síðasta áratug hafa orðið miklar breytingar til batnaðar að því leyti að klúbbar hafa orðið fjölskylduvænni. Fleiri verkefni eru unnin með fjölskyldunni fleira gert sér til gamans með fjölskyldunni. En betur má ef duga skal. Þegar ég byrjaði í Lions fyrir tæpum 40 árum sagði ég við konuna mína 40 mínútum fyrir fund „Elskan það er Lionsfundur hjá mér. Sé þig seinna.“ Núna byrjar maður 3 til 4 dögum fyrir fund að minna á hann. „Heyrðu elskan

það er Lionsfundur á miðvikudag mannstu (hún man auðvitað ekkert um það) Er ekki í lagi að ég fari þá?“ svo á fundardaginn „Er ekki lagi að ég skreppi á fundinn? Ert þú að gera eitthvað sérstakt?“ Þetta er aðeins ýkt auðvitað en gefur hugmyndina.

Lionshreyfingin er að reyna að koma til móts við breytta tíma á ýmsan hátt. Hún viðurkennir að ekki er hægt að ætlast til að ungt fólk sem gengur í hreyfinguna í dag starfi eftir reglum sem voru settar um 1920 á fyrrihluta síðustu aldar. Nýr alþjóðaforseti Jimmy Ross spyr „Hvað langar ykkur til að gera“. Það er verið að gefa okkur lausari tauminn. Skoðum tvær staðreyndir.

1. Ungt fólk á Íslandi á aldrinum 18 – 26 ára á heimsmet í stuðningi við UNICEF Barnahjálp Sameinuðu Þjóðanna svona miðað við fólksfjölda.
2. Ungt fólk býr lengur heima þessi árin en áður allt undir þritugt.

### Fjölskylduklúbbar

Fyrri staðreyndin segir okkur að ungt fólk er tilbúið að styrkja og leggja lið þeim sem minna mega sín. Meira en okkur kannski grunaði. Seinni staðreyndin segir okkur að sá möguleiki sé fyrir hendi að þetta unga fólk stofni með foreldrum

sínur nýjan Lionsklúbb. Lionshreyfingin hvetur til það að stofnaðir séu fjölskylduklúbbar tveggja og jafnvel þriggja kynslóða. Fjölskyldur í götunni eða hverfinu. Fjölskyldur vinnufélaga á vinnustöðum. Fjölskyldur barna í ákveðnum leikskólum. Foreldrafélög og svo mætti lengi telja. Takið börnin með á fund ef þið viljið. 18 ára og eldri er hægt að skrá inn sem félagar. Það eina er að fjölskyldumeðlimir þurfa að búa á sama heimili og ekki fleiri en 5 til 6 fá afslátt. Þið þurfið ekki að safna peningum og fara í fjáraflanir. Markmið númer 1 er að koma saman og hafa gaman. Umhverfisverkefni eru mál málanna í dag. Það eru fín fjölskylduverkefni. Það eru margir möguleikar á þjónustuverkefnum og þau eru margfalt skemmtilegri og gefandi heilt yfir. Það þarf tuttugu félagar til að stofna nýjan klúbb en mun færri geta stofnað deild sem tengist núverandi klúbbi. Deildir funda og starfa sjálfstætt en heyra skipulagslega undir eldri klúbb.

### 50 % afsláttur fyrir fjölskyldumeðlimi.

Þann 1 janúar 2007 tóku nýjar reglur um félagsgjöld gildi. Fjölskyldumeðlimir í 3 ættliði borga aðeins hálf félagsgjald séu þeir í sama klúbbi. Einn fjölskyldumeðlimur borgar fullt gjald en aðrir hálf. Ekki ósvipað

og er með systkyni á leikskóla. Fullt alþjóðdagjald eru 38\$ eða 2.100 kr. á ári. Alþjóðastjórnin hefur mælt til þess að klúbbarnir og umdæmin geri eins með þann hluta gjaldanna sem rennur til þeirra. Það eru ákvarðanir sem eftir er að taka.

### Meira frelsi – meira fjör – fyrir fleiri.

Við höfum fengið nánast sjálf-dæmi um hvernig við störfum og hvað við gerum meðan við höldum okkur innan siðareglna Lionshreyfingarinnar og höfum Lionsgildin í hávegum. Fáum ungafólkið til að koma saman og mynda klúbba þó þeir séu allt öðruvísi en okkar. Gerum fjölskyldunum kleift að vera saman og leggja um leið lið þeim sem minna mega sín. Á 90. starfsári skulum við ekki hika við að breyta starfsháttum og samverunni í hreyfingunni. Verðum við ákalli forustunnar um hugrekki og framsýni í félagsstarfinu svo næstu 90 ár verði enn betri en þau fyrri.

Með Lionskveðjum

Jón Gröndal umdæmisstjóri 109 B



## Breytinga er þörf eftir 90 ár – frh. af bls. 3

velgrunduðum nýjungum. Það skiptir máli að þið vitið að þið standið ekki ein í þessu. Alþjóðastjórnin er með fjölda árangursríkra aðferða og hugmynda ásamt miklu efni til að koma endurnýjuninni í gang og leiða ykkur áfram. Verkefni

okkar um fjölskylduklúbba er gott dæmi um frumlegt framtak sem gæti eft klúbba og umdæmi.

Vegferð okkar frá 1917 er glæsileg. Við höfum aldrei slegið slöku við eða látið okkur nægja

að njóta orðsporsins sem af okkur fer. Við þökkum öllu því Lionsfólki sem á undan okkur fór og skapaði okkur þessa góðu stöðu til að sækja fram til fleiri sigrar. Njótum afmælisins en blásum svo á kertin og grípum bestu sneiðina. Hverfum svo

aftur að störfum og leggjum öflugt lið í liðsheild sem á sér engan samjöfnuð.

Til hamingju með afmælið!

Jimmy Ross alþjóðaforseti.



# Glefsur úr fundargerð Samfundar er haldinn var í Lionsheimilinu, Sóltúni 20, þann 31. janúar 2007

Á Samfundum kemur oft margt athyglisvert fram. Þar fær Lionsfólk að tjá sig um málefni hreyfingarinnar og embættismenn sitja fyrir svörum. Tekið skal fram að umdæmisstjóri 109B gat ekki sótt fundinn sökum veikinda.

## Fjölumdæmisstjóri

### Guðmundur Rafnar Valtýsson

- Færði NSR nefnd þakkar fyrir vel skipulagt og árangursríkt Norðurlandapíng.
- Hann hefði fengið þakkarskeyti frá Norðurlöndum fyrir gott þing.
- Of fáir Íslendingar sæktu þingið sem væri opið öllu Lionsfólki.
- Heimasíða okkar fær of litla athygli Lionsfélaga. Væri hægt að fá einn féлага í hverjum klúbbi til að fylgjast með síðunni og flytja fréttir inn í klúbbinn?
- Ræddi dreifingu Lionsblaðsins og sparnaðinn í því sambandi tæpa 100.000 kr. á blað.
- Taldi nauðsynlegt að hækka árgjaldið á næsta þingi vegna fækkunar félaga.
- Er hreyfingin nógu sýnileg?
- Tillaga um að klúbbar láti 10% af sinni fjáröflun renna til Verkefnasjóðs hreyfingarinnar. Sem þá styddi Lions verkefni eins og Orchester Norden, unglingskípti o.s.frv.

## Björgúlfur Þorsteinsson, umdæmisstjóri 109 A

- Skýrsluskil klúbba ekki nógu góð.
- Er mögulegt að fjölumdæmið tæki að sér ákveðin langtíma-verkefni eins og t.d. að eiga og reka íbúð fyrir foreldra langveikra barna?

## Jón Bjarni Þorsteinsson, alþjóðasamskiptastjóri fjölumdæmisins.

- Taldi að alveg hefði vantað kynningu á NSR þinginu í klúbbum. Þá þyrfti að kynna félögum hvaða gildi Norðurlanda samstarfið hefði fyrir okkur.
- Samfundir nauðsynlegir úti á landsbyggðinni.
- Vantar kynningu á síðasta NSR verkefni.

## Magnús Steingrímsson, muna- og skjalavörður

- Hvernig eigi að skattleggja klúbba sem lítið eru í fjáröflunum?

## Örn Gunnarsson fjölumdæmisritari

- Dönnum gengið illa að dreifa Lionsblaðinu gegnum klúbba.
- Er ekki kominn tími á nýja Rauðufjaðrar söfnun. Safna oft og minna og ekki muna-sölu.

- Auglýsingar, sleppa allri muna-sölu, aðeins leggja áherslu á að selja fjöður. Betra væri að hafa styttra milli safnana og safna minna í hvert sinn.

## Ólafur Vilhjálmsson, formaður verkefnisnefndar rauðrar fjaðrar

- Rauðufjaðrar bílar eru dæmi um fjölumdæmisverkefni. Hagnaður á verkefninu í fyrra. Verkefnið getur verið sjálfbært.

## Geir Hauksson, fráfaraandi fjölumdæmisstjóri

- Er kostnaður meðverkandi þáttur í brottfalli félaga úr hreyfingunni?
- Er heimsókn alþjóðaforseta kostnaðarins virði?
- Tryggja þarf að blaðið berist á staði eins og sjúkrastofnanir, biðstofur og þess háttar.
- Rætt hafi verið um að gera minna af því að óska eftir fram-lögum frá klúbbum meðan Sight First II verkefnið væri í gangi.

## Ólafur Sæmundur Kristmundsson, svæðisstjóri á svæði 5 í A-umdæmi

- Sagðist hafa reynt að kynna almennum félögum Lionsskólann, samfund, o. fl. en lítil árangur. Nauðsynlegt að styrkja

nýja féлага þannig að þeir kynnist vel félagsstarfinu.

## Guðrún Þorvaldsdóttir, Lkl. Engey

- Hún sagði frá því að klúbburinn hafi verið að styrkja krabba-meinsfélagið, safnað væri í verkefnasjóð með tónleikum sem eru í mars, og einnig pennasölu. List vel á að klúbbar séu með sameiginleg verkefni.

## Guðrún Björt Yngvadóttir

- Kenna þurfi félögum að nota netið betur.
- Mætti ekki gera eitthvað úr því að alþjóðahreyfingin verður 90 ára á þessu ári. Konur hafa í 20 ár verið fullgildir félagar í hreyfingunni og að aðeins 20% félaga væru konur.

## Hörður Sigurjónsson, þingstjóri.

- Dreifing Lionsblaðsins þurfi að vera skilvirk vegna auglýs-enda
- Undirbúningur að Lionsþingi á Ólafsvík gengi mjög vel. Skipulag klúbbanna sem standa að þinghaldi er til fyrirmyndar.
- Er hægt að sækja um styrk til Menntamálaráðuneytisins vegna Lionsskólans?

## Gáfu hálf milljón til augndeildar



Fimmtudaginn 11. janúar færði Lionsklúbbur Hafnarfjarðar Augndeild St. Jósefsspítala 500.000 krónur að gjöf til kaupa á augnskoðunartæki. Sagði Árni Sverrisson forstjóri spítalans gjöfina mjög mikils metna en slíkar gjafir gerðu þeim kleift að kaupa tæki sem annars væru látin sitja á hakanum.

Lionsklúbburinn aflar fjár með sölu á Gaflaranum en í klúbbnum eru 37 félagar og hefur klúbburinn marg oft styrkt verkefni á vegum spítalans.



## LCIF fréttir – Lions líknarstarf án landamæra

Fjölbjóðlegt styrkjakerfi Lions Clubs International Foundation eða LCIF sem ber nafnið International Assistance Grant (IAG) gerir Lionsklúbbum í hinum svokölluðu þróuðu löndum að taka saman við klúbba í þriðja heiminum um líknarverkefni. Styrkir IAG eru veittir til grunn heilsuverndar-, menntunar-, læsis-, blindu- og náttúruverndarverkefna. Vatnsöflunar- og sjálfbærni-verkefna.

IAG styrkir veita frá 5000\$ til 30.000\$ til verkefna á gagnkvæmnis grundvelli. Það er að samsvarandi upphæð komi frá

klúbbunum sem taka þátt. Verkefnið verður að fela í sér þátttöku minnst tveggja klúbba í tveimur löndum. Svokölluðum „sponsor“ klúbbi sem er frá þróuðu landi og leggur til langað af fjármuninum á móti styrknum og „host“ klúbbi í þriðjaheims landi sem fylgist með eða annast framkvæmd verkefnisins þar sem það á að fara fram.

Til að bæta aðgengi fólks að fersku vatni stofnuðu Lionsmenn í Frakklandi samtökin „Dropi af vatni fyrir Afríku“ árið 1985. Síðan þá hafa sam-

tökin byggt meira en 116 brunna í Mali sem gagnast 40.000 manns í 65 þorpum. LCIF hefur tekið þátt í byggingu 30 þessara brunna frá 1997 þegar þessum styrkjaflokki var komið á með sjö 30.000\$ styrkjum.

Í 50 ár hefur verið nán samvinna milli Lionsumdæma í Japan og umdæma á Filippseyjum. Nú í febrúar mun 108 manna lið úr heilbrigðisgeiranum í báðum þessum löndum fara og dreifa birgðum og meðulum ásamt því að sinna heilbrigðisþjónustu hjá 7000 Filippseyingum í fjórum bæjum í afskekktu

héraði. Þetta er gert fyrir tilstilli 30.000\$ styrks frá LCIF. Fjárhagsáætlunin verður að sýna mikla fjármuni frá Lionsklúbbum, Lionsþátttöku og sýnileika. Umdæmisstjórnirnar þurfa líka að leggja blessun sína yfir verkefnið. Þá verður verkefnið að svara ríkum þörfum og gagnast sem flestum. Stærð þess verður að vera meiri en svo að Lionsklúbbar á svæðinu ráði við það einir.



## NSR – Norræna samstarfsráðið þingaði á Íslandi nýverið



## Tilnefnd til embættis umdæmisstjóra 109 B næsta starfsár – Áslaug Þórarinsdóttir sýslumaður Lkl. Búðardals

Áslaug starfaði hjá Pósti og Síma lengi framan af ævi. Hún sneri síðan við blaðinu og hóf nám í lagadeild Háskóla Íslands. Þaðan lauk hún námi árið 1989 þá 41 árs gömul. Hún fór strax til starfa hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og starfaði í einkamálskrifstofu ráðuneytisins, sem fer m.a. með mál er varða börn. Hún fór til náms til Bandaríkjanna veturinn 1990 til 1991 en starfaði síðan í ráðuneytinu til ársins 1998. Þá

fór hún um skamma hríð sem sýslumaður á Hólmavík. Hún varð síðan sýslumaður í Neskaupstað en fór aftur í ráðuneytið árið 2000. Árið 2002 var hún svo skipuð sýslumaður á Hólmavík og sat þar til 1. janúar 2006 að hún tók við embættinu sem hún nú gegnir í Búðardal.

Hún gekk í Lionsklúbbinn á Hólmavík árið 2002. Hún kom inn í stjórn hans árið 2003 sem

varaformaður. Hún gegndi embætti varaformanns í hálf ár en embætti formanns í eitt og hálf ár. Hún var mjög virk í starfi klúbbsins á Hólmavík og er nú gengin til liðs við Lionsklúbbinn í Búðardal. Hún er einhleyp og barnlaus. Áslaug hlakkar til að takast á við starfið og situr nú Leiðtogaskóla Lions í Munaðarnesi. Hún fer svo út í lok júní í skóla á Alþjóðþingi Lions sem haldið er í Chicago. Lionsblaðið óskar henni



velfarnaðar í starfi og býður hana velkomna í hóp forustu Lionshreyfingarinnar.

## Tilnefndur til embættis umdæmisstjóra 109 A næsta starfsár – Halldór Ingvason Lkl. Grindavíkur

Ég er er fæddur 23.12.1940. Fyrstu 7 ár æfi minnar ólst ég upp hjá foreldrum mínum að Ketilsstöðum í Hörðudal í Dalasýslu. 1947 hættu foreldrar mínir búskap og fluttust til Grindavíkur þar sem ég ólst upp. Eftir nám í barna- og unglingaskóla í Grindavík stundaði ég nám við héraðsskólann að Núpi í Dýrafirði og lauk þaðan landsprófi. Þaðan lá leið mín í Kennaraskólann og síðan í Íþróttakennarskólann. Eftir kennarapróf hóf ég kennslu

við Barna- og unglingaskólann í Grindavík haustið 1962. Þar kenndi ég samfelld til ársins 1989 lengst af sem yfirkennari, utan eins skólaárs 1982-1983 er ég stundaði nám við háskólann í Umeå í Svíþjóð. Haustið 1989 hóf ég störf hjá Grindavíkurbæ sem félagsmálastjóri og gengdi því starfi til 2005 er ég fór á eftirlaun.

Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á félagsmálum. Var í hóp þeirra sem stofnuðu UMFG, Norrænu

deildina í Grindavík og Golfklúbb Grindavíkur og var í stjórn þessara félaganna um árabíl. Ég var einn af stofnfélögum í Lionsklúbbi Grindavíkur sem stofnaður var 1965 og sá eini af þeim sem enn sækir fundi. Þá sat ég bæjarstjórn Grindavíkur í 11 ár og starfaði jafnframt í ýmsum nefndum fyrir bæinn.

Ég er giftur Helgu Emilsdóttur og eigum við einn son Jón Emil Halldórsson byggingartækni- fræðing sem er giftur Gerði



Sigríði Tómasdóttur og eiga þau þrjá syni. Saman höfum við hjónin rekið Bókabúð Grindavíkur síðan 1964.

## Minning †

*Sigrún B. Steinsdóttir  
Lkl. Eir.*

Sigrún B. Steinsdóttir lést föstudaginn 2. febrúar sl. Á Líknardeild Landspítalans í Fossvogi. Hún kenndi sér meins í október á síðasta ári og staðfestu læknar að krabbamein væri orsök. Sigrún var félagi í Lionsklúbbnum Eir í Reykjavík og var sá klúbbur stofnaður sem Lionessklúbbur árið 1984. Fjórum árum síðar fögnuðum við konurnar í klúbbnum nýjum áfanga. Er við urðum félagar í Lionsklúbbnum Eir. Breytingarnar

fólu í sér jafnræði kynjanna innan Lionshreyfingarinnar m. a. kjörgengi kvenna.

Sigrún var einn sterkasti stólpi klúbbsins. Hún sat í fyrstu stjórninni starfsárið 1984 – 1985 og síðan hefur hún meðal annars verið formaður klúbbsins og setið í umdæmisstjórn 109 A og fjölumsstjórn. Hún vann þrekvirki á þeim vetvangi m.a. með fræsöfnun.

Eitt af þeim verkefnum innan Lionshreyfingarinnar sem hún bar fyrir brjósti voru heimsóknir klúbbfélaga í Skjól einu sinni í mánuði alla vetrarmánuðina. Tveir herra-

menn fylgdu okkur félögum í þessar heimsóknir og spiluðu undir sönginn. Spilað var og sungið – hver með sínu nefi – og síðan borið fram kaffi og meðlæti frá félögum í klúbbnum. Sigrún og Haukur eiginmaður hennar voru þarna í framvarðasveit en hann annaðist undirspilið ásamt félagasínum.

Þau hjónin hafa misst tvö uppkomin börn. Slík reynsla er sársaukafull og getur brotið margan manninn. Samstaða þeirra hjóna í blíðu og stríðu var alltaf sérstök. Fyrir nokkrum mánuðum á fjölum dæmis-

þingi Lionshreyfingarinnar sem haldið var á Akranesi voru þau hjón með glæsilegan húsvagn og ræddu þá með tilhlökkun um ferðalögin framundan.

Sigrún hefur haldið á önnur mið. Við söknum hennar sárt félagarnir í Lionsklúbbnum Eir. Við vottum Hauki og fjölskyldu hans okkar dýpstu samúð.

*Félagar í Lionsklúbbnum Eir,  
Reykjavík  
kveðjur.*



# Rauðufjaðra bílarnir reynast vel

## Kveðja frá Rjóðri, hjúkrunar-, hvíldar- og endurhæfingarheimili fyrir langveik börn.

Í apríl s.l. afhenti Lionshreyfingin Rjóðri hjólastólabíl af gerðinni Renault Traffic til afnota.

Var þetta algjör bylting fyrir starfsemi Rjóðurs, þar sem nú er hægt að fara með börnin án mikils fyrirvara í ýmsar ferðir bæði til afþreyingar og til þeirra verkefna sem liggja fyrir dags daglega eins og Barnaspítala skólann, endurhæfingu og fleira sem til fellur. Á helgum þegar öll börnin eru heima við allan daginn þá er farið í bíltúra, það geta 2 hjólastólar verið aftaní og 6 manns með bílstjóra verið í bílnum þannig að oft er fullur bíll og farið á hina ýmsu staði svo sem sjoppuferðir og ísbíltúra, farið á listasöfn, húsdýragerðinn, Heiðmörk, kaffihús, verslunarferðir og margt fleira.

Fyrir utan það að spara peninga til aksturamála þá veitir bíllinn okkur frelsi til athafna. Hann er notaður nánast á hverjum degi til styttri ferða. Starfsfólkið keyrir bílinn og eru flestir sem treysta sér til þess.

Eftir 7 mánaða keyrslu er búið að keyra bílinn rúma 5.000 km.

Fyrir hönd barnanna sem dvelja hjá okkur hér í Rjóðri þá langar mig að þakka Lionshreyfingunni fyrir þetta frábæra framtak og óska hreyfingunni alls hins besta á komandi árum.

*Guðrún Ragnars,  
deildarstjóri Rjóðurs*

## Frá Skammtíavistun á Akureyri berast líka góðar fréttir

Við erum afar hamingjusöm hérna á Akureyri með bílinn okkar.

Í sumar fórum við í 10 daga ferð í Borgarfjörð með 6 gesti skammtíavistunar, þar af 2 í hjólastólum. Það verður að

segjast ein og er að án bílsins hefðum við aldrei getað farið með krakka í hjólastólum.

Þetta var í alla staði ógleymanleg ferð fyrir bæði krakkana og starfsfólkið og allir tala um hvort að við förum ekki örugglega aftur næsta sumar.

Við höfum notað bílinn mikið í sumar og vetur. Krökkunum finnst frábært að geta skotist eitthvað út í bæ hvenær sem er. Þetta gátum við ekki gert áður. Ef okkur langað að fara eitthvert, þá þurftum við að kaupa leigubíla og það var of dýrt miðað við okkar fjárráð.

Við erum dugleg að fara inn í Kjarnaskóg, skeppa í nágrennbæina Dalvík, Ólafsfjörð eða Húsavík auk styttri ferð hér innanbæjar.

Ef einhver er óhamingjusamur er oft gott að geta skroppið á rúntinn til að létta lundina, eða til að skipta upp hópnum ef ástandið er erfitt í húsinu.

Nú er Hlíðarfjall að opna um helgina og hugsum við okkur gott til glóðarinnar að hafa tækifæri til að skreppa í fjallið hvenær sem okkur dettur í hug. Hluti starfsfólksins hér hefur farið á námskeið í meðferð sleða fyrir fatlaða á skíðum. Það er yndislegt fyrir krakkana að geta setið örugg í sleðum með starfsfólk sem það treystir á skíðum aftan á sleðanum. Þau endast oft stutt vegna kulda, en þá höfum við bíl til að skjótast á milli og skipta um fólk í sleðana þannig að fleiri geta farið. Áður en við fengum bílinn, þurftum við að bíða eftir leigubílum og varla hægt að bjóða þeim upp á það.

Síðan í apríl erum við búin að keyra bílinn 5063 km sem er kannski ekki mikil keyrsla í augum Reykjavíkurbúa þar sem allar fjarlægðir eru miklu meiri en hér. Samt keyrum við bílinn eitthvað á hverjum degi og við erum afar þakklát fyrir þetta frábæra framtak ykkar. Hér er allt á kafi í snjó og vonlaust að



koma hjólastólum keyrandi um götur bæjarins, þannig að bíllinn bjargar okkur alveg.

Ef þið komið á skíði norður þá endilega kíkið við.



## Til formanna Lionsklúbba – Fjölumðæmis- og umdæmisþing 2007

### Framboð til embætta

Í samræmi við starfsreglur og lög Fjölumðæmis 109 vill fjölumðæmisstjórn koma eftirfarandi á framfæri til allra Lionsfélaga:

### Þinghald og tillögur

Fjölumðæmis og umdæmisþing verða haldin í Ólafsvík dagana 18. og 19. maí 2007.

Frestur til að skila inn tillögum um breytingar á lögum og um mál sem leggja á fyrir þingin er, samkvæmt 27. gr. laga fjölumðæmis 109, sem hér segir:

Mál og/eða tillögur sem klúbbur og/eða klúbbar óska

að séu rædd á umdæmisþingi/fjölumðæmisþingi, skulu póstleggjast til umdæmisstjóra/formanns fjölumðæmisráðs eigi síðar en 45 dögum fyrir umdæmis/fjölumðæmisþing.

Fjölumðæmisráð/um-dæmisstjórnir fjalla um slíkar tillögur og gefa þeim álit.

Tillögur um framboð til embættis varaumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2007-2008 skal senda kjörnefndum fyrir 15. febrúar 2007.

Kjörgengur til embættis varaumdæmisstjóra er framboðandi sem uppfyllir neðangreind skilyrði:

**Hann/hún skal vera:**

1. Starfandi Lionsfélagi og hafa staðið í skilum við klúbb sinn, enda sé klúbburinn skuldlaus við Alþjóðasambandið og fjölumðæmi 109.

2. Hafa lokið eða sé að ljúka embætti sem formaður Lionsklúbbs.

3. Hafa lokið eða sé að ljúka embætti í umdæmisstjórn. Ekki má gegna ofangreindum embættum (1 og 2) samtímis.

Tillögur um framboð til embættis fjölumðæmisstjóra fyrir starfsárið 2007-2008 skal senda fjölumðæmisritara fyrir 15. febrúar 2007.

Peir einir eru kjörgengir til embættis fjölumðæmisstjóra sem hafa verið umdæmisstjórar

Embætti sem þarf að kjósa um á fjölumðæmisþingi en ekki senda inn tillögur um eru:

Fjölumðæmisritara til eins árs, fjölumðæmisgjaldkera til eins árs og tveggja endurskoðenda til eins árs og tveggja til vara.

*Með Lionskveðju*

*Guðmundur Rafnar Valtýsson, fjölumðæmisstjóri 2006 - 2007*


## Gamla myndin



*Helen Keller heilsar fólki á leið til Lions-þings 1925.*

## Magnea Halldórsdóttir: nýr starfsmaður á skrifstofunni

Magnea er fædd og uppalin í Reykjavík. Hún er í sambúð með Stefáni Ara Stefánssyni og eiga þau eitt barn Stefán Magna.



## Framboð til embættis varaumdæmisstjóra 109 B næsta starfsár – Valdimar Bragason


Valdimar Bragason er fæddur í Landamótsseli í Suður-Þingeyjarsýslu þann 18. ágúst 1951 Hann lauk gagnfræðaprófi frá Héraðsskólanum að Laugum í S. – Þing. Útskrifaðist sem búfræðingur frá bændaskólanum að Hvanneyri og lauk síðan samvinnuskólaprófi frá Bifröst vorið 1972. Það sama ár flutist Valdimar til Dalvíkur og hefur búið þar síðan. Hann er kvæntur Rósu Þorgilsdóttur frá Dalvík og eiga þau tvær upp-

komnar dætur og þrjú barnabörn.

Árið 1972 hóf Valdimar störf hjá Dalvíkurhreppi, sem skrifstofustjóri og var síðan ráðinn sveitarstjóri 1974. Með kaupstaðarréttindum Dalvíkurhrepps breyttist það starf í starf bæjarstjóra og gengdi hann því samfellt í 9 ár. Þar á eftir starfaði hann við sjávarútveg. Lengst af sem framkvæmdastjóri Útgerðarfélag Dalvíkinga h.f. Árið

2002 réði Valdimar sig sem bæjarstjóra í Dalvíkurbyggð og starfaði þar eitt kjörtímabil eða til ársins 2006. Nú starfar hann sem forstöðumaður Dalbæjar heimilis aldraðra á Dalvík.

Hann gekk í Lionsklúbb Dalvíkur árið 1972 og hefur verið þar samfellt síðan. Sem félagi í Lionsklúbbi Dalvíkur hefur hann gengt ýmsum störfum innan klúbbsins. Verið bæði formaður og ritari auk



þess að taka þátt í samstarfi Lionsklúbba á svæðinu um unglingskípti.



# Campaign Sight First II

## – Staðan á Íslandi í dag

Kristinn Hannesson

Verkefnisstjóri CSF II

á Íslandi



Nú þegar CSF II áttak Alþjóðasamtaka Lionsklúbba er ríflega hálfnað má segja að staðan á Íslandi sé nokkuð góð, við höfum náð um það bil 49% af okkar markmiði. Staðan er hins vegar ekki jafn góð ef litið er til einstakra klúbba eða einstakra svæða. Þá er staða umdæmanna einnig nokkuð ójöfn.

### Umdæmi 109 – A.

Þrátt fyrir að margir klúbbar í umdæmi 109 – A hafi enn ekki lagt málefnið lið er staða þess umdæmisins nokkuð góð í heildina tekið en þar hafa safnast og / eða borist vilyrði fyrir 63% af markmiði umdæmisins. Svæðin í umdæminu eru

mjög misjöfn og má til dæmis nefna að á einu svæðinu hefur ekki einn einasti klúbbar lagt málefnið lið. Á nokkrum svæðum hafa örfáir klúbbar sýnt lit meðan aðrir eru á nokkuð góðu róli. Eitt svæði sker sig úr í umdæminu og óhætt er að segja að það haldi meðaltalinu svona háu. Það er svæðið 7, svæðið sem Sigrún Steinsdóttir Lkl. Eir Reykjavík hafði umsjón með og verður hennar sárt saknað. Samanlagt hafa klúbbarinn á hennar svæði lagt fram sem nemur 135% af markmiði svæðisins. Það er jafnframt eina svæðið á landinu þar sem allir klúbbar hafa lagt eitthvað til átakins.

### Umdæmi 109 – B.

Staðan í umdæmi 109 – B er ekki jafn góð og þar eru enn nokkuð margir klúbbar sem ekki hafa séð sér fært að leggja málefnið lið. Það sem er kannski enn verra er að þar eru til klúbbar sem hafa afþakkað alla kynningu varðandi átakið. Það sem safnast hefur í umdæminu og þau vilyrði sem fyrir liggja nema um það bil 36% af markmiði umdæmisins. Líkt og í A – umdæminu er staða svæðanna ærið misjöfn. Frá einu svæðinu hefur enn ekki komið neitt framlag og á öðru svæði hefur aðeins einn klúbbar séð sér fært

að vera með. Í þessu umdæmi er það einnig eitt svæði sem sker sig úr. Það er svæðið sem áður var svæði 1 og 2. Samanlagt framlag þess nemur 102% af markmiði svæðisins.

### Model klúbbar.

Staða Model klúbba hér er einstaklega góð og munar það miklu varðandi heildarframlagið. Þeir klúbbar sem gersta hafa Model klúbbar lyfta meðaltalinu upp því þeir leggja að lágmarki US\$ 400 fyrir hvern félagar til átakins. Alls hafa 13 klúbbar á Íslandi ákveðið að gerast Model klúbbar og er það langt umfram væntingar. 2 klúbbar til viðbóta hafa óskað eftir frekari upplýsingum um þennan þátt.

### Til umhugsunar.

Margir Lionsfélagar eru þeirrar skoðunar að þá peninga sem við söfnum meðal almennings eigi að nota í okkar heimabyggð og það er vissulega sjónarmið út af fyrir sig. Heyrst hafa spurningar eins og „af hverju eigum við að hjálpa fólki í Afríku þegar við höfum næg verkefni til að styðja við hér heima“.

Okkar fyrsta skylda er auðvitað að sinna því sem næst okkur stendur en við megum ekki gleyma því að við erum hluti af



„alþjóðlegum“ líknarsamtökum. Við megum heldur ekki gleyma að við hér á Íslandi höfum fengið fjölmörg framlög frá Alþjóðahjálparsjóði Lionshreyfingarinnar, LCIF.

Ég þekki til klúbba sem hafa þá reglu að ákveðinn hluti inkomunnar fer í heimabyggð, ákveðinn hluti í landsverkefni og ákveðinn hluti í alþjóðaverkefni.

Ég skora á klúbba að hafa þetta í huga þegar þeir fara í að ráðstafa sínu söfnunarfé.

Kristinn Hannesson.



## Er Lionshreyfingin nógu sýnileg – frh. af bls. 3

spurðir um verkefni klúbbsins. Allir klúbbar legðu hlutfallslega jafn mikið eftir fjárhag hvers og eins og allar beiðnir um framlög í Verkefnasjóð væru væntanlega úr sögunni. Hreyfingin gæti komið að fleirri verkefnum og orðið sýnilegri. Ef klúbbar væru með fjáraflanir í ákveðin verkefni þá yrði sú fjáröflun að vera undanskilin þessu. Sömu leiðis eru margir klúbbar búnir að skuldbinda sig til að taka

myndarlega þátt í Sight First II verkefni og ekki því líklegt að þeir taki þátt í þessu á meðan.

Nú er við því að búast að einhverjir séu þessu mótfallnir svona fyrst í stað og vilji að klúbbarinn ákveði sjálfir í hvað peningarnir fari en með tilliti til þess hvað við erum dugleg að leggja í Alþjóðahjálparsjóðinn þá ætti það ekki að vera fyrir-

staða. Þetta mundi einfalda alla fjáröflun fyrir hreyfinguna og minnka kvabb á klúbbum.

Hver og einn klúbbar verður að sjálfsgöðu ákveða það sjálfur hvort hann tekur þátt í þessu en hvernig væri að framkvæma þetta í t. d. í þrjú ár og sjá hvenig það reynist.

Hafa mætti hugmyndabanka um þau verkefni sem hreyfingin

ætti að styðja og leggja þau fyrir á umdæmisþingum eða öðrum fundum í hreyfingunni.

Verkefni sem hreyfingin stendur að í dag eru: Orkester Norden, hjúkrunarheimili í Minsk í Hvíta-Rússlandi, tónlistarkeppni í tengslum við Evrópuþing, Lions Quest, unglingskipti- og búðir og uppbygging veitingaskóla fyrir þroskahefta unglinga í Rúmeníu.

## Velkomin á Fjölmundæmisþing í Ólafsvík 18. - 19. maí 2007

Lionsklúbbi Ólafsvíkur og Lionsklúbbum Rán er það mikil ánægja að bjóða til Fjölmundæmisþings Lions í Ólafsvík 18. - 19. maí 2007.

### Þingið og Ólafsvík

Ólafsvík verður miðstöð þinghaldsins og mun mannlíf bæjarins og næsta nágrennis að mestu leiti snúast um það. Fundarhald verður í Íþróttahúsi Snæfellsbæjar í Ólafsvík og nálægum byggingum og Lionshátíðin verður í félagsheimilinu Klifi.

### Gisting í Snæfellsbæ

Gisting verður í boði á Hótel Ólafsvík, á Hótel Hellissandi, Hótel Framnesi í Grundarfirði (15-20 mín akstur), Hótel Búðum á Búðum og Hótel Hellnum, Hellnum. Nokkur gistiheimili eru einnig til staðar. Nánari upplýsingar um gistingu er að finna á heimasíðu þingsins [www.snb.is/ikl](http://www.snb.is/ikl). Athygli er vakin á að gisting hefur verið tekin frá þessa helgi fyrir Lionsfélaga, því skal þess getið þegar pantað er að menn séu að fara á þingið. Fyrstir koma, fyrstir fá. Að auki verður gisting á Gufuskálum. Þar eru tvær vel búnar kennslustofur, setustofa,

og tvær samtals 30 manna svefnpokaíbúðir. Þar er einnig 70 manna matsalur með setustofu, auk gistirýmis í 8 fullbúnum íbúðum fyrir samtals 60 manns. Boðið verður upp á rútuferðir frá Gufuskálum og Hótel Hellissandi til Ólafsvíkur á föstudags- og laugardagskvöld og einnig sömu leið til baka eftir Lionshátíð á laugardagskvöldi. Boðið verður upp á leigubílaþjónustu föstudags- og laugardagskvöld.

### Kynningarkvöld

Kynningarkvöld verður í húsnaði Fiskasafnsins í Ólafsvík, þar verður á boðstólum léttir réttir og lifandi tónlistar-flutningur. Þetta er tilvalið tækifæri til að kynna Lionsfélögum allsstaðar að af landinu.

### Makadagskrá - Skoðunarferð

Farið verður með maka í skoðunarferð laugardaginn 19. maí um Snæfellsbæ en þar er margt að sjá. Allir makar Lionsfélaga eru velkomnir í ferðina. Ferðin verður óvissuferð, þó er vitað að stoppað verður og nokkrir áhugaverðir staðir skoðaðir, leiðsögumaður/menn verða



með í för. Þar sem stoppað verður, mun verða boðið upp á veitingar í föstu og fljótandi formi.

### Allir Lionsfélagar velkomnir

Allir fullgildir Lionsfélagar, þótt þeir séu ekki kjörnir þingfulltrúar, eiga rétt á setu á umdæmis- og fjölmundæmisþingi sem áheyrnarfulltrúar og að sjálfsögðu eru allir Lionsfélagar og makar velkomnir á Lionshátíðina.

### Við bjóðum því alla Lionsfélaga velkomna á þingið, Lionshátíðina og einstaka atburði.

Sjáumst heil í Ólafsvík dagana 18. - 19. maí 2007



ATH. fimmtudagurinn 17. maí er uppstigningardagur svo að tilvalið er að gera þessa helgi að langri helgi og koma snemma á Snæfellsnesið

Lionsklúbbur Ólafsvíkur  
Lionsklúbburinn Rán  
[www.snb.is/ikl](http://www.snb.is/ikl)

## 90 ára afmæli verður fagnað í Chicago

